



# ÍSAFJARÐARBÆR

byggingarfulltrúi

## Tilnefning hönnunarstjóra

Vegna byggingar \_\_\_\_\_

á lóð nr. \_\_\_\_\_ við \_\_\_\_\_

Nafn hönnunarstjóra og kennitala: \_\_\_\_\_

Netfang og sími: \_\_\_\_\_

Ísafjarðarbæ \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_\_

Í fullu umboði umsækjanda

Sími/gsm

Netfang

4.1.2. gr.  
Hönnunarstjóri

Eigandi mannvirkis skal tilnefna hönnunarstjóra sem skal hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á því að samræming aðaluppdráttar, séruppdráttar og annarra hönnunargagna fari fram. Hönnunarstjóri skal vera löggiltur hönnuður eða hafa réttindi til þess að leggja fram uppdrætti til samþykktar vegna byggingarleyfisumsóknar sbr. 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum um mannvirki. Hönnunarstjóri skal árita séruppdrætti til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram áður en leyfisveitandi samþykkir þá. Hönnunarstjóri annast innra eftirlit eiganda við hönnun mannvirkis. Hann skal áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um innra eftirlit við hönnunarstörf. Uppfært yfirlit um innra eftirlit skal lagt fram við lok hönnunar mannvirkisins. Hönnunarstjóri skal einnig áður en yfirferð hönnunargagna hefst og áður en byggingarleyfi er gefið út leggja fram yfirlit um ábyrgðarsvið einstakra hönnuða. Við gerð gæðakerfis hönnuða skal tekið tillit til þessa ákvæðis um framlagningu gagna. Hönnunarstjóri kallar til aðra hönnuði mannvirkis til vinnu vegna samræmingar hönnunargagna. Verði breyting á hönnunargögnum eftir að samræming þeirra hefur farið fram ber viðkomandi hönnuði að tilkynna hönnunarstjóra um breytinguna og óska eftir samræmingu hönnunargagna eftir því sem við á. Eftir hverja breytingu uppdráttar ber hönnunarstjóra að árita hann að nýju til staðfestingar á því að samræming hafi farið fram vegna breytingarinnar.

### Útfyllist af byggingarfulltrúa

Ábyrgðartrygging fylgir  já

Réttindi í lagi  já